Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2025-08-28 11:13:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2025-08-28 22:04:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2025-09-01 11:09:19 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Mánudaginn 28. apríl 2025 klukkan 13:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig starfsmenn innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson, í gegnum fjarfundarbúnað Teams, og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Dagskrá fundar 28. apríl
- Drög að 427. fundargerð EFS 19.3.2025
- Fjárhagsleg áhrif kjarasamninga.xlsx
- Lokaskýrsla Árborgar til EFS 2025
- Svar til EFS vegna mats og flokkunar eigna í samanteknum reikningi Reykjavíkurborgar – 2025-03-18 - með fylgiskjölum
- Sveitarfélagið Árborg ársreikningur 2024 – bæjarráð 25.4.2025

1. Samþykkt fundagerðar

Samþykkt fundargerðar 427 frá 19.3.2025 var frestað þar til á næsta fundi.

2. Svarbréf Reykjavíkurborgar við fyrirspurn EFS

Tekið var til umfjöllunar svarbréf Reykjavíkurborgar, dags. 17. mars 2025, vegna fyrirspurnar EFS þar sem nefndin óskaði eftir sjónarmiðum Reykjavíkurborgar varðandi tiltekna liði í ársreikningi og samstæðureikningi borgarinnar.

Í bréfinu kemur fram að Reykjavíkurborg telji sér heimilt að færa eignir Félagsbústaða hf. á gangvirði í samanteknum ársreikningi sínum þar sem félagið sé sjálfstætt og sjálfbært hlutafélag sem byggir starfsemi sína á eigin tekjum sem félagið aflar við útleigu íbúða. Spurning nefndarinnar varðaði hinsvegar samstæðureikning borgarinnar en um hann gilda ákvæði ársreikningslaga. Reykjavíkurborg hafnar því að um sé að ræða eignir til eigin nota.

Í svarbréfinu leggur Reykjavíkurborg einnig áherslu á að þar sem sveitarstjórnarlög séu sérlög í tilviki reikningsskila Reykjavíkurborgar gangi þau framar lögum um ársreikninga við reikningsskil borgarinnar. Í umræðum nefndarinnar komu fram efasemdir um þessa túlkun þar sem sveitarstjórnarlög fela ekki í sér nein ákvæði um gerð reikningsskila önnur en að vísa til laga um ársreikninga varðandi gerð ársreikning og samstæðureiknings.

Rætt var um að nefndin beini svari sínu beint til borgarstjórnar/borgarráðs, þar sem óskað yrði eftir formlegri afstöðu til álitamála sem til umfjöllunar voru í erindi nefndarinnar og svörum sviðstjóra fjármálasviðs borgarinnar.

Að lokum var tekin til umræðu meðferð lífeyrisskuldbindinga í reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélög eru ekki greiðendur lífeyris og engin lífeyrisþegi á beina kröfu á hendur sveitarfélags. Sveitarfélögin eru hins vegar í ábyrgð fyrir skuldbindingum lífeyrissjóða og velta nefndarmenn fyrir sér hvort rétt sé að meðhöndla skuldbindinguna sem ábyrgðarskuldbindingu. Auk þess fylgja lífeyrisskuldbindingar launabreytingum og eru núvirtar m.v. 2% raunvexti og að hluta 3,5%. Núvirðing er ígildi vaxtakostnaðar og ræddu nefndarmenn hvort rétt væri að flokka núvirðinguna sem vaxtagjöld í reikningsskilum sveitarfélaga. Ljóst er að slíkt leiðir að öðru óbreyttu til hærri framlegðar.

Eftir umræður var ákveðið að frekari umræðum um viðbrögð við svari borgarinnar væri frestað til næsta fundar.

3. Sveitarfélagið Árborg

Farið var yfir ársreikning Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2024 sem kynntur var í bæjarstjórn 25. apríl sl. ásamt völdum þáttum í lokaskýrslu sveitarfélagsins í tengslum við samkomulag þess við innviðaráðherra um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 2. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga.

Rekstrarniðurstaða A-hluta reyndist jákvæð um 1,9 ma.kr og rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 3,2 ma.kr. Framlegðin jókst markvert milli ára og nam rúmum 20% af tekjum fyrir A-hluta og veltufé frá rekstri var 12%.

Þegar rýnt er í fjárhagsleg viðmið 64. gr. sveitarstjórnarlaga sést að skuldaviðmið hefur farið hratt lækkandi frá árinu 2022 og er nú rúmlega 107% sem nefndin telur vera mjög jákvætt. Samanlagður rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára er þó enn neikvæður og var hallinn um 847 m.kr. á árinu 2024 en 5,9 ma.kr. á árinu 2023.

Þrátt fyrir að óneitanlega sé um mikinn viðsnúning í rekstri að ræða þarf að taka mið af því að á árinu 2024 var lagt 10% álag á útsvar íbúa sveitarfélagsins sem skilaði einskiptistekjum upp á 1,2 ma.kr. auk þess sem sveitarfélagið seldi land til uppbyggingar fyrir svipaða fjárhæð.

Eftir umræður ákvað nefndin að boða forsvarsmenn sveitarfélagsins á næsta fund sinn til þess að fara betur yfir lokaskýrsluna, ársreikninginn og næstu skref.

4. Fjárhagsleg áhrif kjarasamninga á sveitarfélög

Á fundi EFS þann 19. mars sl. ákvað nefndin að senda bréf á öll sveitarfélögin vegna kjarasamninga við kennara þar sem spurst yrði fyrir um fjárhagsleg áhrif umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og viðbrögð með fjárauka ef þyrfti.

18 sveitarfélög hafa svarað fyrirspurninni og kynnti starfsmaður nefndarinnar yfirlitsskjal þar sem farið var yfir það hver kostnaður sveitarfélaganna er og hann settur í samhengi við afkomu sveitarfélaganna 2025 skv. fjárhagsáætlun.

Ákveðið var að frekari umræða um þetta mál fari fram þegar fleiri svör hafa borist frá sveitarfélögunum.

Fundi slitið klukkan 15:41. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.